

Mál nr. 5/2022

Þriðjudaginn 9. ágúst var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr.5/2022

HRFÍ

gegn

X og Y og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I.Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 6.júní 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að X og Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ. Við skráningu á hvolpum fæddum þann 24.09.2021 kom í ljós að Miniature Pincher rakkinn A var ekki með gilt hnéskeļjavottorð né eistnavottorð fyrir þörun. Tíkin B var einnig ekki með gilt hnéskeļjavottorð fyrir þörun.

Eigandi rakkans er Z, en ræktandi gotsins og eigandi tíkarinnar eru X og Y.

Úr reglugerð um ættbókarskráningu

MINIATURE PINSCHER Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

Þar sem tilmælum um andmæli var ekki svarað af hálfu X og Y var ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Við skráningu á hvolpum fæddum þann 24.09.2021 kom í ljós að Miniature Pincher Tíkin B var ekki með gilt hnéskeļjavottorð fyrir þörun. Ræktandi gotsins og eigandi tíkarinnar X og Y.

III.Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og

vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber enn fremur samkvæmt grein 2.7. að vera með gild vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla X. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina Miniature Pinscher:

„MINIATURE PINSCHER Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeljavottorð.

.”

Í málinu liggur fyrir að þegar þörun fór fram hafði Miniature Pincher Tíkin B ekki gilt hnéskeljavottorð. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 2.7 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

X og Y hafa ekki gefið nein svör eða skýringar né haldið uppi vörnum í málinu. En X og Y hafa ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

IV.Niðurstaða

X og Y teljast hafa gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ.

X og Y eru áminnt.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen